

NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN NORÐURLANDS

(THE AKUREYRI MUSEUM OF NATURAL HISTORY)

P.O. BOX 580 - 602 AKUREYRI - ICELAND

JARÐVEGSÞYKKT VIÐ DYSNES

Halldór G. Pétursson
jarðfræðingur

Unnið að beiðni Verkfræðistofu Norðurlands

Akureyri, júní 1990

Dagana 21 og 22 maí s.l. voru grafnar nokkrar rannsóknaholur á hugsanlegri verksmiðjulóð við Dysnes í Arnarneshreppi. Umsjón með verkinu hafði Eiríkur Jónsson, verkfræðingur hjá Verkfræðistofu Norðurlands. Upplýsingar um staðsetningu holanna, svo og sýni sem tekin voru fást hjá Verkfræðistofu Norðurlands.

Tilgangur þessarar könnunar var að fá upplýsingar um jarðvegsþykkt og gerð jarðlaga á svæðinu. Rétt er að taka fram að jarðvegur er hér notað um jarðefni sem innihalda lífrænar leifar (mór, mold). Önnur laus jarðefni eru hér nefnd setlög.

Svæðið sem kannað var er að mestu leiti blaut mýri sem dýpkar ört til vesturs. Mýrin liggur í lögð í yfirborði þykks setlagabunka. Setlögin hylja svo ójafnt berggrunnsyfirborð. Austast á svæðinu, og við sjóinn er sennilega víða grunnt á berg.


Jarðvegur í mýrinni er mór með lítt rotnuðum lurkalögum og öskulögum.

Undir mónum er víða þykkt svart öskulag (0.1-1.0m). Öskulagið er frá því snemma á nútíma u.þ.b. er gróður var að byrja að festa ratur á Eyjafjarðarsvæðinu. Annars staðar á Eyjafjarðarsvæðinu hefur verið tekið eftir þunnu eðjukendu jarðvegslagi (0.1-0.2m) undir öskulaginu. Við svipuðu má búast á Dysnessvæðinu. Talsvert vatn streymdi inn í holurnar um öskulagið.

Undir öskulaginu er annars vegar þunn möl, umhverfis Pálmholtslæk og hinnsvegar jökulruðningur. Jökulruðningurinn er ríkari af fínefnum en vant er um íslenskan jökulruðning. Sérstaklega er þetta áberandi í dýpstu holunum. Þar er er ruðningurinn feitur viðkomu og inniheldur sennilega talsvert af leir. Hann rann einnig út í eðju þegar vatn rann inn í holurnar, og er því ekki traust undirstaða. Efsti hluti jökulruðningsins er allstaðar blautur og laus, en þornar og harðnar eftir því sem neðar dregur.

Af þessu ætti að vera ljóst að mörk öskulags og jökulruðnings eru ekki mörk "fast" og "laust". Eitthvað verður að grafa í jökulruðninginn til að komast á "fast".

F-4a




Jarðvegur, mold

Sandríkur jökulruðningur með vólum og hnellingum. Harður og þéttur neðst

Mörk moldar og jökulruðnings -1.0m
Hætt á -2.6m, erfitt að grafa
Sýni: -1.0m, -2.0m

F-4b




Jarðvegur, mold

Sandríkur jökulruðningur með vólum og hnellingum


"Klöpp"

Mörk moldar og jökulruðnings -1.0m
Mörk jökulruðnings og "klappar" -2.2m
Sýni: -1.0m



Mörk mós og öskulags -3.2m
 Mörk öskulags og malar -3.4m
 Mörk malar og jökulruðnings -4.3m
 Hætt á -5.2m, hægt að grafa dýpra
 Sýni: -2.0m, -4.3m

G-1




Jarðvegur, mör

Steinar og malardreif


Fíngerður jökulruðningur, óharðnaður með fáum-völum og hnellingum. Efri hlutinn nær eingöngu leir, verður grjótríkari, harðari og þurrari eftir því sem neðar dregur

Mörk mós og jökulruðnings -2.6m
Hætt í 4.0m, hægt að grafa dýpra
Sýni: -2.0m, -2.5m, -3.0m, -4.0m



Mörk mós og öskulags -3.9m
Mörk öskulags og jökulruðnings -4.6m
Hætt á -4.7m, mjög erfitt að grafa dýpra
Sýni: -2.5m, -4.1m, -4.6m

6-3




Mörk moldar og jökulruðnings: -0.8m

Hætt á -2.2m erfitt að grafa dýpra

Sýni: -2.0m

H=0




Mörk mós og öskulágs -3.2m

Mörk öskulag og malar -4.5m

Hætt á -4.5m ekki hægt að grafa dýpra vegna hörku setsins

Sýni: -3.3-3.5m, -4.3-4.5m

H-1



Mörk mós og öskulags -4.4m
Mörk öskulags og jökulruðnings -5.8m
Hætt á -6.3m, hægt að grafa dýpra
Sýni: -4.4-4.6m, -5.5-5.8m

H-2

